



**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Arnfríður Valdimarsdóttir, skrifstofustjóri menningarborgar

Reykjavík, 14. apríl 2026

MSS25120053

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

### Svar við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Viðreisnar um stuðning borgarinnar til tónlistarþróunar ungs fólks.

Á fundi borgarráðs 11. desember 2026 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Viðreisnar:

Óskað er eftir yfirliti og samantekt yfir alla samninga og reglulegan stuðning við fólk í tónlist um alla borg. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig þessi úrræði hafa þróast og hvaða kostnaður liggur þar á bak við. Einnig er óskað eftir umsögn um það hvort borgin gæti að jafnræðisreglu og hvort hætta sé á að borgin sé komin inn í samkeppnisrekstur við tónlistarfyrirtæki.

### Svar við fyrirspurn

Samkvæmt sveitarstjórnarlögum bera sveitarfélög ábyrgð á að styðja menningarlíf og listsköpun. Húsnæðisaðstoð er viðurkennd leið til að uppfylla þetta hlutverk, enda er aðgengi að hentugri og ódýrri aðstöðu forsenda listsköpunar.

Húsnæðisaðstoð Reykjavíkurborgar við listamenn er veitt á grundvelli lögbundins hlutverks borgarinnar í menningarmálum og til að bregðast við markaðsbresti þar sem almennur húsnæðismarkaður mætir ekki sérhæfðum þörfum listafólks. Aðstoðin er veitt í almannapágu, án hagnaðarsjónarmiða og með gagnsæjum og jafnræðum úthlutunarreglum.

Menningarstefna borgarinnar, *List og menning í Reykjavík*, sem samþykkt var af borgarstjórn 16. nóvember 2021, leggur áherslu á að tryggja listafólki góð og aðgengileg starfsskilyrði. Þar gegna vinnustofurými og æfingaraðstaða fyrir tónlistarfólk lykilhlutverki sem grunninnviðir skapandi borgar.

Aðgengi að hagkvæmri, öruggri og vel búinni aðstöðu fyrir sköpun og æfingar er forsenda fyrir faglegu tónlistarlífi, fjölbreytni í listum og sjálfbærri þróun menningar. Með markvissum stuðningi við slíka aðstöðu styrkir borgin tónlist sem hluta af daglegu borgarlífi og framtíðarsýn Reykjavíkur sem skapandi menningarborgar.

Reykjavíkurborg er ekki í samkeppnisrekstri við tónlistarfyrirtæki þar sem stuðningur borgarinnar takmarkast við stefnumótun, stuðning, húsnæðislausnir eða úthlutun aðstöðu í almannapágu, án hagnaðarsjónarmiða.

Með þessari útfærslu er jafnræðisreglu stjórnsýsluréttar fylgt og dregið úr hættu á að aðkoma borgarinnar teljist samkeppnisrekstur eða feli í sér röskun á samkeppni gagnvart einkaaðilum.

Reykjavíkurborg er með samninga við fjölda aðila á sviði tónlistar. Þar ber helst að nefna:



**Tónhylur** – samningur að upphæð 10 m.kr. á ári frá 1. janúar 2025 til 31. desember 2027.

Tónhylur er tónlistarklasi í Árbæ, fyrsta flokks aðstaða til að taka upp, skapa og æfa tónlist. Húsnæðið var byggt upp af sjálfbóðaliðum á öllum aldri, er um 1.500 fermetrar og um 30 hljómsveitir eru með æfingaraðstöðu þar. Í Tónhyl er blanda af starfandi tónlistarfólki og nýliðum. Hugmyndin er að byggja upp samfélag þar sem þeir reynslumeiri miðla reynslu sinni og þekkingu til þeirra sem eru að taka sín fyrstu skref. Félagið leggur áherslu á að efla ungt tónlistarfólk, veita því öflugt bakland og styðja það í sinni sköpun, m.a. með fyrsta flokks aðstöðu, viðburðum og fræðslu.

Tónhylur Akademía er hluti af þróunar- og uppeldisstarfi innan Tónhýls. Þar vinna ungir, sjálfstæðir tónlistarmenn saman að því að skapa og gefa út tónlist.

**Læti! (áður Stelpur rokka)** – samningur að upphæð 7,5 m.kr. fyrir árið 2027. Læti! eru sjálfbóðaliðarekin samtök sem starfa út frá femínískri hugsjón og miða að því að efla ungar stelpur (sís og trans), trans stráka og kynsegin og intersex ungmenni í gegnum tónlistarsköpun og jafnréttisstarf. Kjarninn í starfinu eru rokksumarbúðir þar sem skapað er öruggt rými fyrir þátttakendur til að læra á hljóðfæri og syngja, spila saman í hljómsveit, kynnast tónlistarfólki, fræðast um ýmsar hliðar tónlistar og jafnréttisbaráttu og koma fram á lokatónleikum fyrir fullum sal vina og fjölskyldu.

**Tónlistarþróunarmiðstöð (TPM)** – rekstrarsamningur að upphæð 6 m.kr. frá 1. janúar til 1. maí 2026, ásamt húsaleigustyrk að upphæð 28 m.kr. Tónlistarþróunarmiðstöðin hefur verið opin frá árinu 2003 sem miðstöð þekkingar, fræðslu og sköpunar í tónlist. Þar hafa þúsundir tónlistarmanna haft aðstöðu til æfinga eða haldið tónleika í gegnum árin.

**Tónlistarborgin Reykjavík** er sérverkefni innan menningarskrifstofu og vinnur að því að efla Reykjavík sem tónlistarborg með því að skapa hagstæð skilyrði fyrir gróskumikið tónlistarlíf með uppbyggingu innviða. Verkefnið styður við ýmis tónlistartengd verkefni og grasrót íslenskrar tónlistar allt árið um kring, hvort sem um er að ræða æfingahúsnæði, tónlistarhátíðir, ráðstefnur, staka viðburði eða fræðslu.

Tónlistarborgin hefur á síðasta ári unnið að áherslubreytingum í verkefnum sínum í takt við þarfir tónlistarsamfélagsins. Skortur hefur verið á aðstöðu til æfinga og lifandi tónlistarflutnings. Af þeim sökum hefur stuðningur verið færður frá verkefnum sem komin eru vel á veg yfir til verkefna sem tengjast beint æfingaaðstöðu og lifandi tónlistarflutningi, þar sem þörfin er brýn.

### **Æfingarrými í Hlemmur.Haus**

Tónlistarborgin Reykjavík hyggst styðja við Hafnarhaus í uppbyggingu æfingarrýma í húsnæði að Laugavegi 114–116, svonefndu Hlemmur.Haus. Rýmið mun hýsa fjögur æfingarrými fyrir 12–18 hljómsveitir á aldrinum 15–30 ára. Þar verður jafnframt sameiginleg aðstaða með sviði og upptökuveri. Staðsetningin við Hlemm er afar hentug, þar sem samgöngur eru góðar og hljómsveitir munu starfa í skapandi og listrænu umhverfi. Á efri hæðum hússins er vinnuaðstaða fjölda listamanna og Myndlistarskólinn í Reykjavík er í næsta nágrenni.

Vert er að taka fram að stuðningur við æfingaraðstöðu í Hafnarhaus er alfarið ótengdur aðgerðum sem tengjast Tónlistarþróunarmiðstöð (TPM). Stuðningurinn við Hafnarhaus



kemur úr fjárhagsramma Tónlistarborgarinnar, alls 2 m.kr., og er mögulegur vegna framangreindra tilfærslna og áherslubreytinga.

### **Upprásin**

Tónleikaröð tileinkuð grasrót íslenskrar tónlistar, þvert á tónlistarstefnur. Samstarfsverkefni Tónlistarborgarinnar og Hörpu um að koma grasrót á svið í Hörpu og þróa sviðsframkomu áfram í fullkomnu tækni- og aðstöðuumhverfi. Tónleikaröðin hófst árið 2023.

### **Músíktílaunir**

Músíktílaunir eru hljómsveitakeppni sem Hitt húsið heldur í samstarfi við Tónlistarborg Reykjavíkur til að veita ungu íslensku tónlistarfólki tækifæri til að koma tónlist sinni á framfæri. Fyrsta keppnin var haldin 18. nóvember 1982.

### **Hitakassinn**

Tónlistarborgin Reykjavík, í samstarfi við Hitt húsið og Tónlistarmiðstöðina, býður þátttakendum sem komast í úrslit Músíktílauna upp á þátttöku í Hitakassanum, hagnýtu námskeiði um tónlistariðnaðinn sem fram fer eftir keppnina.

### **Niðurstaða**

Reykjavík hefur lengi verið þekkt fyrir öfluga tónlistarsenu, bæði á grasrótar- og atvinnustigi. Þrátt fyrir það hefur framboð á hentugri æfingaraðstöðu ekki þróast í takt við þarfir tónlistarfólks.

Í Reykjavík er verulegur skortur á hagkvæmri, öruggri og vel búinni æfingaraðstöðu fyrir tónlistarfólk.

Skorturinn hefur áhrif á:

- starfsskilyrði tónlistarfólks,
- möguleika til sköpunar, þróunar og samstarfs,
- fjölbreytni og endurnýjun tónlistarlífsins.

Vandinn bitnar sérstaklega á sjálfstæðu tónlistarfólki, grasrót, ungu listafólki og þeim sem starfa utan stofnanabundins umhverfis.

Með því að bregðast markvisst við þessum skorti getur borgin styrkt tónlist sem lifandi hluta af borgarlífi, stutt við fjölbreyttan hóp tónlistarfólks og eflt framtíðarsýn Reykjavíkur sem skapandi og menningarlegar borgar.

Virðingarfyllst,  
Arnfríður Valdimarsdóttir  
*skrifstofustjóri menningarborgar*